

Aðalfundur Völsungs

17.10.2023

Vallarhúsi

kl: 20:00

Mætt úr aðalstjórn: Davíð Þórólfsson, Jóna Björg Pálmadóttir, Lilja Friðriksdóttir, Erla Bjarnadóttir, Gunnólfur Sveinsson og Jónas Halldór Friðriksson sem framkvæmdarstjóri.

Einnig eru mættir níu félagsmenn.

1. Formaður setur fundinn

Davíð Þórólfsson formaður aðalstjórnar Völsungs kemur upp, býður fundargesti velkomna og setur fundinn formlega.

2. Kosning fundarstjóra og fundarritara

Davíð Þórólfsson kemur upp og leggur til að Linda Margrét Baldursdóttir verði fundarstjóri og Lilja Friðriksdóttir verði fundarritari.

Samþykkt samhljóða.

Linda þakkar Davíð fyrir og tekur því næst við stjórn fundarins.

3. Skýrsla stjórnar

Jónas kemur upp og fer yfir skýrslu stjórnar.

Jónas bendir á að skýrslan stjórnar sé á borðum fundargesta en einnig að hún hafi verið birt á heimasíðu – og fésbókarsíðu félagsins. Hann hvetur fólk til að kíkja á skýrsluna þar og lesa. Hann bendir á aukningu á iðkendum og segir stuttlega frá samþættingaverkefninu sem er í gangi.

4. Ársreikningar lagðir fram

Jónas Halldór framkvæmdastjóri kemur upp og fer yfir lykiltölur úr ársreikningi Völsungs. Ársreikningurinn var settur á fésbókarsíðu félagsins fyrr í dag ásamt því sem félagsmenn geta óskað eftir að fá reikninginn sendan í tölvupósti.

Hjálmar Bogi spyr út í launin og hvað útskýri aukningu í launaútgjöldum á milli ára. Jónas svarar því, meiri umsvif og fleiri starfsmenn.

Ingólfur spyr út í tap meistaraflokka í knattspyrnu, hvar þær liggja og svo út í millifærslur. Jónas svarar þessu. Tap meistaraflokka er of mikið og skýrist að einhverju leyti af auknum ferðakostnaði, launakostnaði og leiguverði. Hvað millifærslunar varðar þá eru þær m.a. styrkir og/eða framlög aðalstjórnar til deilda.

Guðrún spyr út í tímasetningu á aðalfundi, af hverju hann sé svona seint og einnig út í samþættinguna. Jónas svarar þessu, tímasetning aðalfundar skýrist af því að bókhaldið var ekki tilbúið fyrr. Samþættinguna segir hana ganga vel, fara vel af stað og að samstarfið við skólana gangi vel.

Ársreikningar eru samþykktir af öllum mættum félagsmönnum.

5. Lagabreytingar

Fyrir fundinum liggja lagabreytingar. En ÍSÍ sendi bréf til félagsins þar sem gerðar voru athugasemdir við núverandi lög félagsins. Jónas Halldór kemur upp og leggur fram tillögur aðalstjórnar að lagabreytingum.

Lagbreytingarnar eru samþykktar af öllum mættum félagsmönnum.

6. Árgjöld

Linda leggur fram tillögu stjórnar um að árgjald/félagsgjald verði það sama og í fyrra eða 4.000 kr. Öllum greiddum félagsgjöldum mun áfram fylgja félagskort sem veitir afslætti víðsvegar um bæinn.

Hjálmar Bogi leggur til að félagsgjöldin verði hækkuð upp í 4500 krónur og er það samþykkt af öllum mættum félagsmönnum.

7. Kosið í stjórn + endurskoðendur reikninga

Kosning í stjórn Völsungs.

Tillaga stjórnar:

Formaður:

Stjórnin óskar eftir leyfi aðalfundar til að skipta með sér verkum þar til stjórnin finnur sér formann.

Þetta er samþykkt af öllum mættum félagsmönnum og aðalstjórn mun þá boða til auka aðalfundar til að kjósa um formann.

Aðrir í stjórn: Erla Bjarnadóttir, Lilja Friðriksdóttir, Jóna Björg Pálmadóttir, Gunnólfur Sveinsson, Ingvar Björn Gunnlaugsson, Bergur Jónmundsson og Sigvaldi Þór Einarsson.

Stjórn aðalstjórnar er samþykkt samhljóða.

Aðalstjórn Völsungs leggur til að PWC verði endurskoðandi félagsins áfram.

Samþykkt samhljóða.

8. Starfsnefndir

Eftir aðalfund árið 2022 var stofnuð starfsnefnd sem ber heitið Sögunefnd Völsungs. Hlutverk nefndarinnar er að halda utan um ritun á 100 ára sögu félagsins. Ingólfur Freysson kemur upp og fer yfir starfsemi nefndarinnar frá síðasta aðalfundi.

Í sögunefnd eru auk Ingólfs; Dóra Ármannsdóttir, Sóley Sigurðardóttir, Leifur Grímsson og Jónas Halldór Friðriksson framkvæmdastjóri fyrir hönd félagsins.

Guðmundur Friðbjarnarson er starfsmaður sögunefndar og var ráðinn til átta mánaða.

Aðalstjórn þakkar Ingólfi fyrir greinagóða yfirferð á gangi mála í sögunefndinni.

9. Önnur mál

- Jónas Halldór segir frá því að vinna við nýja heimasíðu er hafin og sýnir viðmótið.
- Hjálmar Bogi spyr út í rafíþróttafélag og afstöðu Völsungs gagnvart því.
- Jónas Halldór fer yfir breytingar og þróun á rekstri félagsins frá árinu 2011.
- Þóra Kristín spyr út í íþróttahöllina og bekkina þar, hvort aðalstjórn hafi eitthvað þrýst á sveitarstórn um að fara í viðhald. Einnig um hvenær eigi að afhenda Græna torg aftur til Völsungs.

Fundi slitið kl. 21:40